

## Fundur fulltrúa Strætó og Hafnarfjarðarbæjar 02.05.2015 vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Mætt frá Strætó: Jóhannes Rúnarsson og Ástríður Þórðardóttir

Mætt frá Hafnarfirði: Guðlaug Kristjánsdóttir, Haraldur L. Haraldsson, Soffía Ólafsdóttir, Atli Þórsson, Rannveig Einarsdóttir, Rósa Steingrímsdóttir og Kristján Sturluson (sem ritaði fundarpunkta)

---

Rætt um þá alvarlegu stöðu sem er uppi vegna kostnaðar við ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Hfj. gerði ráð fyrir 73 milljónum í áætlun sem m.a. var byggt á minnisblaði frá 22.10.2014 þar sem fram kemur að gert sé ráð fyrir að kostnaður verði sambærilegur og verið hefur. Nú er kostnaður orðinn 51,3 milljónir fyrir fyrsta ársfjórðung og með sama áframhaldi stefnir kostnaður í 205 milljónir.

Skv. Strætó mun kostnaður lækka yfir sumarmánuðina en heildarstaðan mun ekki breytast. Miðað við áætlun sem byggir á upplýsingum frá Reykjavík lækkar kostnaður í maí til júlí en er hins vegar mun hærri í október til nóvember. Skv. Strætó er heildarkostnaður innan áætlunar en hann skiptist mismunandi milli sveitarfélaga.

Frá Hfj. er óskað eftir því að Strætó geri áætlun um hver kostnaður bæjarins muni verða út árið því gera þarf ráðstafanir í samræmi við það. Hins vegar telur Hfj. ekki sjálfgefið að fá reikning vegna kostnaðaraukningar. Líka vakna spurningar um aðkomu t.d. Kópavogs sem eins af eigendum byggðasamlagsins en sem er ekki að nota þjónustuna. **Þetta mun verða rætt innan SSH.**

Rætt um að kostnaður hafi aukist mismikið hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður hjá Reykjavík er ekki að hækka en hins vegar hjá öðrum. Aðilar höfðu mismunandi upplýsingar um hver hækkunin er. **Atli Þórsson mun leita upplýsinga hjá hinum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um hvort og hversu mikið kostnaðurinn hefur aukist.**

Rætt um forsöguna og skort á upplýsingum um áætlaðan kostnað.

Rætt um að vægi svokölluðu A bílum myndi fjölga í maí en Strætó telur ekki að það muni ekki lækka kostnað verulega.

Rætt um skipulag flutninganna, fjölda ferða o.þ.h. Fram kom hjá Strætó að verið væri að vinna í málum og mikið slípast til.

Spurt hvort hvort það að „kerfið fór á hliðina“ hafi aukið kostnað? Því svarað að það hafi í raun verið óverulegt. T.d. reikningar vegna leigubíla 6 til 8 milljónir.

Rætt um stjórnun á verkefninu, hlutverk félagsmálastjóra, neyðarstjórnar, framkvæmdaráð og verkefnisstjóra

**Hfj. óskar eftir:**

- að Strætó geri nákvæma grein fyrir því hvernig sveitarfélögin eru að koma út varðandi kostnað
- að fá greinargerð og áætlun um kostnað það sem eftir er ársins innan hálf mánaðar, fyrir viku 21
- upplýsingum um fjölda notenda hjá hverju sveitarfélagi um sig.

**Þegar ofangreindar upplýsingar liggja fyrir mun Hfj.:**

- taka niðurstöðu áætlunar og greinargerð til umræðu á bæjarráðsfundi í viku 21
- undirbúa gerð viðauka til að bregðast við breyttum forsendum
- skoða mögulega uppsögn og að taka þjónustuna aftur „heim í hérað“